

Svör við spurningum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins er varða upplýsingatækni í skólastari og þróunarverkefni sem er í gangi um notkun spjaldtölva í sérkennslu.

- 1 Hvað margar spjaldtölvur voru keyptar vegna þessa verkefnis og hver var kostnaðurinn?**

Svar: 15 spjaldtölvur og kostnaðurinn var 1.270.000 kr.

- 2 Var athugað hvort og hvar í kerfinu voru þegar í gangi þróunarverkefni með spjaldtölvur og árangur metinn ?**

Svar: Það var vitað að ekki væri í gangi þróunarverkefni með spjaldtölvur. Það var líka vitað að einstaka starfsmenn og nemendur voru að nota eigin spjaldtölvur, en ekki sem þróunarverkefni.

- 3 Hvernig er staðið að forgangsriðun endurnýjun á tölvukosti í grunn- og leikskólum miðað við framlag til málaflokksins á yfirstandandi fjárhagsári og hve miklum fjármunum hefur nú þegar verið ráðstafað af þeirri fjárhæð ?**

Svar: Tölvudeild metur þann tölvukost sem er í notkun m.t.t. aldurs og ástands og gerir áætlun um endurnýjun í samræmi við það. Samráð er haft við skólastjórnendur og Skólaskrifstofu.

Nú eru í gildi viðmið um tölvukost í skólum sem sett voru árið 2005. Í undirbúningi er að setja af stað formlega vinnu um stefnumörkun til framtíðar, en margt hefur breyst á þeim tíma sem liðinn er frá því viðmiðin voru sett.

Tölvudeild er að vinna að endurnýjun tölvubúnaðar og í næstu viku munu tilboð í framhaldi af verðkönnun liggja fyrir. Þá verður hægt að setja niður endanlega áætlun um endurnýjun á þessu ári og er stefnt að því að hún verði kynnt í fræðsluráði á næsta fundi, 29. apríl.

- 4 Er fjárhæð sem nýtt var vegna þessa þróunarverkefnis tekin af þeim sama lið?**

Svar: Þetta var tekið af fjárveitingu tölvudeildar vegna viðhalds og búnaðarkaupa.